

**Endahnúturinn**

# Átti að bjarga Straumi? Nei.

MAGNÚS HALLDÓRSSON  
[magnush@vb.is](mailto:magnush@vb.is)

**B**jörgólfur Thor Björgólfsson og blaðamenn hans á btb.is hafa að undanförnu haldið því fram að Straumur hafi verið keyrður niður af ríkinu af óskiljanlegum ástæðum. Björgólfur Thor, sem var stjórnarformaður bankans, hefur staðfastlega haldið því fram að Straumur hafi verið góður banki og vel rekinn og að sú ákvörðun Seðlabankans og rikisins að aðstoða bankann ekki með lánveitingum skömmu áður en bankinn fell, hafi verið röng.

Ég er ósammála Björgólfí Thor og blaðamönnum hans í því að hið opinbera hefði átt að koma Straumi til bjargar. Fyrir því er fyrst og fremst sú ástæða að Straumur var ekki viðskiptabanki og almannahagsmunir því ekki ríkir fyrir því að reyna að bjarga bankanum frá falli með opinberu fē. Ríkið var á þessum tíma í miklum vanda eftir 350 milljarða tap á veðlánaviðskiptum við hina föllnu viðskiptabanka. Sá vandi hverfur ekki í bráð.

Að minu mati hefði verið óábyrgrt af hinu opinbera að eyða tugum milljarða af varasjöði sinum í að hjálpa Straumi á vormánuðum í fyrra, þegar fjármálakreppan var enn djúp. Almannahagsmunir kröfðust þess ekki og það er eina gilda ástæða þess að hið opinbera eigi að hjálpa einkafyrirtækjum í vandræðum.

Þessu til viðbótar dregur Rannsóknarnefnd Alþingis fram í skýrslu sinni upplýsingar sem sýna enn frekar hversu mikil glapræði það hefði verið að eyða tugum milljarða í að hjálpa Straumi á fyrrnefndum tíma. Lánaður bankans fóli í sér sömu kerfisáhættu og lánaður hinna bankanna. Allt mikil áhætta lá í lánum til stærstu eigenda bankans, Björgólfss Thors og fóður hans. PricewaterhouseCoopers heldur því m.a. fram að viðskipti þeim tengdum hafi farið yfir áhættumörk, sem er brot á lögum.

Allt styður þetta þá ályktun að hið opinbera hefði ekki átt að taka áhættuna á því að hjálpa Straumi í vanda með tugmilljarða lánveitingum.

